

**Samningur  
milli  
Akureyrarbæjar og  
SFR- stéttarfélag í almannþjónustu  
um reglur um röðun starfa.**

(skv. ákvæðum í kjarasamningi SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 9. mars 2005),

**1. Gildissvið**

Samkomulag þetta nær til allra félagsmanna í SFR sem eru í starfi hjá Akureyrarbæ og er gert á grundvelli þjónstusamnings milli Akureyrarbæjar og félagsmálaráðuneytisins dags 8. janúar 2007 um málefni fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu.

**2. Meginmarkmið**

- a. að launakerfið verði gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- b. að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn að öðlast hlut í skilvirkni starfseminnar.
- c. að stefnt skal að því að auka hlut dagvinnulauna í heildarlaunum.

**3. Röðun í launaflokka**

Við launaröðun skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í samræmi við það. Eftirfarandi launaflokkar skulu vera launaröðun fyrir hvert starf með gildistíma frá 1. maí 2006:

Launaflokkur:

- |     |                                |
|-----|--------------------------------|
| 012 | Stuðningsfulltrúi PBI          |
| 013 | Stuðningsfulltrúi Hæfingarstöð |
| 021 | Verkstjóri                     |
| 028 | Ráðgjafi                       |
| 029 | Skrifstofustjóri búsetudeildar |

Eftirfarandi launaflokkar skulu vera launaröðun fyrir eftirfarandi störf með gildistíma frá 1. janúar 2007:

- |     |               |
|-----|---------------|
| 024 | Deildarstjóri |
| 033 | Forstöðumaður |

Launaröðun forstöðumanns gerir ráð fyrir að hann stýri fleiri en einni þjónustueiningu.

Ákvæði kjarasamnings um stofnanasamning vegna forstöðumanna og deildarstjóra fyrir tímabilið frá 1. maí 2006 – 31. desember 2006 er fullnustað með eingreiðslu skv. samkomulagi við starfsmenn, en launasetning að öðru leyti óbreytt frá því sem verið hefur.

#### 4. Desemberuppbót

Samkomulag er uað til samræmingar fá starfsmenn í SFR greidda desemberuppbót skv. kjarasamningi Einingar-löju frá og með árinu 2006 út samningstímann.

#### 5. Viðbótarforsendur við mat í launaflokka

Heimilt er að hækka starfsmann um launaflokk /launaflokka ef hann/starfið uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðarbundið
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining til annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfsmaðurinn sinnir starfi á fleiri en einni starfstöð
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
  - starfsmaður hefur skapað sér sérstaka reynslu eða þekkingu sem nýtist starfi

#### 5. Endurskoðun

Um endurskoðun samkomulags þessa gildir ákvæði 11. kafla kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og SFR.

Akureyri, 17. janúar 2007

f.h. SFR

f.h. Akureyrarbæjar